



Félags skipstjórnarmanna

Alþingi
Erindi nr. P 143/1264
komudagur 17.3.2014

Alþingi
B/t
Umhverfis- og samgöngunefndar
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Umsögn.

Umsögn Félags skipstjórnarmanna um þingskjal 295 – 221. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, lögum um loftferðir, nr. 60/1998, vopnalögum, nr. 16/1998, og lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (laumufarþegar, stjórnvaldssektir, dagsektir, bakgrunnsathuganir, o.fl.).

Félag skipstjórnarmanna, FS, er stéttarfélag skipstjórnarmanna og starfar á landsvísu. Félagar eru m.a. skipstjórnarmenn á kaupskipum, varðskipum og hafnsögumenn og aðrir skipstjórnarmennaðir starfsmenn hafna sem lúta lögum og reglugerðum varðandi m.a. siglingavernd.

Umsagnar félagsins hefur ekki verið óskað en vegna blaðaskrifa og fréttanna annarra fjölmiðla sem fjallað hafa um málið vegna aðildar FÍA var athygli félagsins beint að málinu. Þar sem ljóst er að nái frumvarpið fram að ganga muni það geta haft veruleg áhrif á félagsmenn FS er þessi umsögn lögð fram.

Í 5. grein, 1. kafla frumvarpsins er fjallað um 8. gr. a sem ný inn í lög nr. 50 / 2004:

„Lögregla skal afla upplýsinga um viðkomandi einstakling, svo sem úr skráum lögreglu, þ.m.t. málaskrá, sakaskrá, Þjóðskrá, vanskilaskrá, frá tollyfirvöldum, dómstólum og sýslumönnum og úr upplýsingakerfi Alþjóðalögreglunnar eða annarra erlendra yfirvalda sem og úr öðrum opinberum skráum, að fengnu skriflegu samþykki hans. Skal slík athugun fara fram með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.“

Félagið gerir alvarlegar athugasemdir við þær ríku heimildir sem ríkislögreglustjóra eru fengnar í hendur. Með þessum heimildum er einfaldlega hægt að „skanna“ líf viðkomandi manns og ekki er hægt að sjá málefnaleg rök fyrir slíkri skoðun.

Félag skipstjórnarmanna hefur verið í sambandi við Félag íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA í kjölfar fréttanna af afskiptum þeirra vegna málsins og fengið m.a. að sjá gögn þau og umsögn FÍA dags. 7. mars 2014 vegna þessa. Félag skipstjórnarmanna getur tekið undir öll þau rök sem FÍA tiltekur í vandaðri



Félag skipstjórnarmanna

og vel rökstuddri greinargerð sinni, einkum breytingatillögu þá, sem fram kemur á blaðsíðu 6 í umsögn FÍA. Þá áréttar félagið sérstaklega úrskurðarorð Persónuverndar í máli nr. 2012/969 frá 4. mars 2013, en sá úrskurður fylgdi umsögn FÍA, en þau hljóða svo: „Við framkvæmd bakgrunnsathugunar á grundvelli laga nr. 60/1998 um loftferðir er ríkislögreglustjóra óheimil öflun upplýsinga um hvort einstaklingi, sem sætir athugun, hafi verið stefnt eða bíði málsmeðferðar í einkamáli; hvort viðkomandi sé á skrá Creditinfo Lánstrausts hf. yfir fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga; og um hjúskaparstöðu viðkomandi og maka eða sambýling.

Reykjavík, 13. mars 2014.

F.h.

Félags skipstjórnarmanna,

Aegir Steinn Sveinþórsson